

Akureyri 8. desember 2014

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík

Stjórn Eyþings hefur fengið til umsagnar frá atvinnuveganefnd Alþingis tillögu til þingsályktunar um stefnu stjórnvalda um lagningu raflína, 321. mál.

Stjórn Eyþings telur mikilvægt að fram fari málefnaleg umræða um það í hvaða tilvikum jarðstrengir geti verið raunhæfur valkostur í stað loflína og þar sem sérstaklega verði horft til öryggis- og umhverfissjónarmiða. Stjórnin fagnar því að um það sér mótuð stefna. Stjórn Eyþings vill koma á framfæri nokkrum ábendingum.

Í greinum 1.2 og 1.3 kemur fram að viðmið um kostnaðarmun skuli vera 1,5. Stjórnin telur eðlilegt að horft verði til þess að hækka þennan stuðul í 2,0 eins og var í drögum sem kynnt voru. Með því aukast líkur á að heildarmarkmið um hlutfall jarðstrengja skv. grein 1.4 náist. Þó er gefið svigrúm í grein 1.2. til að víkja frá þessu viðmiði ef í umhverfismati kemur fram að loflína sé talin betri kostur út frá umhverfissjónarmiðum. Lagt er til að öryggissjónarmiðum verði bætt við þannig að setningin endi á „út frá umhverfis- og öryggissjónarmiðum“.

Í grein 1.3, undir lið 3 í upptalningu, er vísað til flugöryggis. Lagt er til að 3. töluliður hljóði svo: „Ef línuleið er við flugvöll skal að öllu jöfnu nota jarðstreng þannig að áhrif á flugöryggi séu hafin yfir allan vafa“.


Í lokamálsgrein undir grein 1.3 er lagt til að bætt verði við setningu um erfiðar landfræðilegar og veðurfarslegar aðstæður: „Jarðstrengir verði sérstaklega skoðaðir á svæðum þar sem veðurálag, ísing og snjóalög eru vandamál og jarðstrengur gæti aukið afhendingaröryggi“. Einnig mætti setja þetta sjónarmið fram sem 6. tölulið í upptalningu í grein 1.3.

Í 1. málsgrein greinar 1.3 kemur fram að meta skuli í hverju tilviki fyrir sig hvort rétt sé að nota jarðstrengi á viðkomandi línuleið, eða afmörkuðum köflum hennar á grundvelli fimm tölusettra viðmiða. Mikilvægt er að fyrirnefndu kostnaðarviðmiði verði ekki beitt á örstutta kafla á langri línuleið án þess að horft verði til kostnaðar á allri leiðinni.

Að örðu leyti vísar stjórn Eyþings til umsagnar Sambands ísl. sveitarfélaga. Stjórn Eyþings vill þó sérstaklega taka undir eftirfarandi í umsögn sambandsins þar sem gerð er tillaga um nýja málsgrein í lok greinar 1.3.:

„Áhersla skal lögð á það við undirbúning kerfisáætlunar fyrir meginflutningskerfið að eiga vandað samráð við viðkomandi sveitarstjórnir um nánari útfærslu línuleiðar í kerfisáætlun og aðalskipulagi og að settar verði verklagsreglur eða leiðbeiningar um það samráðsferli.“

F.h. stjórnar Eypings



Pjetur Þór Jónasson
framkvæmdastjóri